

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Hveragerðisbæ.

*Breyting á deiliskipulagi Grænumerkur 10.*

Á fundi bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar þann 9. september 2021 var samþykkt breyting á deiliskipulagi Grænumerkur 10. Deiliskipulagssvæðið, sem er um 11,7 ha, nær til lóða sem Náttúrulækn-ingafélag Íslands hefur til umráða og íbúðarbyggðar við Lækjarbrún og afmarkast af Þelamörk, Grænumörk, Fagrahvammstúni, Varmá og fyrirhugaðri íbúðarbyggð við Hólmabrún. Breytingin er í samræmi við breytingu á aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 2017-2029, sem bæjarstjórn samþykkti þann 12. maí 2021 og staðfest var af Skipulagsstofnun 10. júní 2021.

Meginmarkmið breytingarinnar er að þetta byggð með heildstæðu yfirbragði, í góðri sátt við umhverfi og samfélag og skapa betri grundvöll til frekari uppbyggingar á starfsemi Heilsustofnunar NLFÍ og þjónustu tengdri henni.

Ofangreind deiliskipulagsbreyting hlaut meðferð skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

*Hveragerði, 25. október 2021.*

**Guðmundur F. Baldursson** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 25. október 2021